

Enska 2 (ENS3B06)

Háskólabrú

Áfangalýsing

Áhersla er lögð á að nemendur verði vel læsir á flóknari texta. Þeir verða þjálfaðir í að tileinka sér grunnorðaforða vísinda og fræða í einhverjum mæli, tjá hugsun sína skýrt í ræðu og riti og rökstyðja skoðanir sínar. Áhersla er lögð á vandlegan lestur texta með það fyrir augum að byggja upp virkan og hagnýtan orðaforða. Fjallað verður um enskumælandi samfélög, venjur og siði. Í tengslum við það verður unnið t.d. með hin ýmsu bókmenntaverk, kvikmyndir, heimildamyndir o.fl. sem túlkað verður út frá menningarlegu samhengi. Nemendur vinna í auknum mæli sjálfstætt að ritunarverkefnum og viðameiri verkefnum svo sem kynningum á þematengdu efni sem fela í sér öflun upplýsinga á bókasafni, á Netinu og margmiðlunarefni. Áfram er lagður grunnur að lýðræðislegri hugsun þar sem nemendur notast meðal annars við sjálfsmat og jafningjamat í námi. Unnið er markvisst að því að efla sjálfstæði nemenda í námi. Að hver nemandi finni eigin leiðir til að ná árangri í náminu og setji sér markmið.

Forkröfur

Gert er ráð fyrir að nemendur hafi lokið ensku 1.

Þrep

Áfanginn er á 3. þrepi.

Einingafjöldi

6 framhaldsskólaeiningar (feiningar).

Lokamarkmið áfangans

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- þverfaglegum orðaforða til markvissrar notkunar í námi á háskólastigi
- rithefðum sem við eiga í textasmíð, m.a. um inngang með efnisyfirlingu, meginmál með vel afmörkuðum efnisgreinum og niðurlag
- mismunandi afstöðu og túlkun bókmenntahöfunda og dýpri merkingu texta

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa fjölbreyttar gerðir texta, bæði fræðilega og bókmenntalega
- beita þeim lestraraðferðum sem við eiga eftir gerð texta eða viðfangsefnis

- tjá sig munnlega skýrt og hnökralaust um málefni sem hann hefur kynnt sér
- tjá sig skriflega bæði á formlegan og óformlegan hátt

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja daglegt mál, fjölmiðlaefni, inntak erinda, fræðigreinar og annað flóknara efni
- taka þátt í skoðanaskiptum, færa rök fyrir máli sínu og svara mótbárum og gagnrökum á viðeigandi hátt
- tjá sig skýrt, lipurlega og blaðalaust fyrir áheyrendum um sérvalið efni sem hann hefur kynnt sér
- skrifa formlegan og óformlegan texta og beita rithefðum sem við eiga í textasmíð
- nýta nýjan orðaforða í ræðu og riti

Námsmat áfangans

Byggt er á fjölbreyttu námsmati m.a. hópverkefnum, einstaklingsverkefnum, könnunum og heimaprófi eða munnlegu mati sem lokamati í áfanganum (eða jafnvel hvoru tveggja).